

106. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 22. ágúst 2005 kl. 18:00 í kaffistofu skólans.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Margrét Ásgeirsdóttir og Sævar Harðarson.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra og starfið næsta skólaár.
 2. Önnur mál.

1. Bæjarráð er búið að samþykkja 10 tíma aukinn kennslukvóta á viku þetta skólaár. Alls bárust 118 umsóknir um skólavist. Allir sem sóttu um komast í nám þó allar óskir hafi ekki verið uppfylltar varðandi hljóðfæri. Verið er að stilla upp stundatöflum fyrir nemendur. Settir verða upp hóptímar í tónfræði og tónheyrn, einnig verða samspilstímar á gítara og harmonikkur.

Rætt var um hljóðfærakaup og hvernig skuli haga útleigu.

Skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali fyrir komandi skólaár.

Rætt var um möguleika á því að stofna foreldrafélag tengt lúðrasveitinni. Búið er að gera áætlun um fjölbreytt vetrarstarf meðal annars.

Skólastjóri fór yfir breytingu og leiðréttingu á skólanámsskrá ásamt uppfærslu upplýsingabæklings.

Fundi slitið kl. 19.37.

Sævar Harðarson (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.).

Íhs.